

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar og öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 28. júní 2001.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár,  
nr. 892 10. desember 1999.**

## 1. gr.

3. gr. liður 3.1 orðist svo:

- 3.1. Íslensk getspá gefur út og dreifir leikspjöldum til þátttöku í talnagetrauninum. Leikspjöld má einnig nálgast með rafrænum hætti í gegnum tölvu, síma eða gagnvirkt sjónvarp. Á hverju leikspjaldi Lottó 5/38 eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J, og er hver leikur með tölunum 1-38. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til tíu leikjum á hverju leikspjaldi. Á leikspjöldum fyrir Lottó 5/38 er sérstakur reitur sem þátttakendur merkja í ef þeir vilja taka þátt í Jóker. Þátttakendur geta valið 5 tölur úr tölunum 0-9 til að mynda Jókertölur sínar. Á hverju leikspjaldi Víkingalottós eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J, og er hver leikur með tölunum 1-48. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til 10 leikjum á hverju leikspjaldi. Á leikspjöldum fyrir Víkingalottó er sérstakur reitur sem þátttakendur merkja í ef þeir vilja taka þátt í Jóker. Þátttakendur geta valið 5 tölur úr tölunum 0 - 9 til að mynda Jókertölur sínar. Á sölustöðum skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í viðkomandi talnagetraun. Þar skal og vera hvatning til þátttakenda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.

## 2. gr.

3. gr. liður 3.2. orðist svo:

- 3.2. Leikir í talnagetrauninum Lottó 5/38 og Víkingalottó fara að jafnaði fram einu sinni í viku samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár en í Jóker samtímis útdrætti í Lottó 5/38 og Víkingalottói.

## 3. gr.

3. gr. liður 3.10, sbr. reglugerð nr. 126 6. febrúar 2001, orðist svo:

- 3.10. Verð fyrir hvern leik (röð) í Lottó 5/38 er kr. 75, Jóker kr. 100 og í Víkingalottói kr. 35. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár eða með rafrænum hætti, sbr. lið 3.1.

## 4. gr.

- a) 5. gr. liður 5.1.1 nefnist 5.1.  
b) 5. gr. liður 5.1.2 nefnist 5.1.1 og orðist svo:
- 5.1.1 Samtímis útdráttur í Lottó 5/38 fer fram útdráttur í Jóker tengdum þeirri talnagetraun. Útdráttur fer þannig fram að fimm hjól, hvert með tölunum 0-9, eru sett í gang og við stöðvun hjólanna koma fram hinar fimm útdregnu tölur. Tölurnar, í þeirri röð sem þær birtast, mynda Jókertölurnar. Verði bilun í einu eða fleirum af hinum fimm hjólum með tölunum 0-9, skal dregið úr einum eða allt að fimm, eftir því sem við á, þar til gerðum spjaldastokkum þar sem spjöldin eru merkt tölunum 0-9. Áður en slíkur útdráttur fer fram skal gengið úr skugga um að í spjaldastokkunum séu spjöldin merkt tölunum 0-9.

## 5. gr.

- Við 5. gr. lið 5.2. bætist nýr liður 5.2.1 er orðist svo:
- 5.2.1 Útdráttur í Jóker sem tengdur er Víkingalottói fer fram á miðvikudögum, með Jóker útdráttarvél sem varðveitt er í innsigliðum kassa, með eftirfarandi hætti: Fimmtán mínútum eftir lokun sölukerfis ræsir starfsmaður Íslenskrar getspár útdrátt í vélinni. Útdrátturinn fer fram með sama hætti og lýst er í lið 5.1.1 og að viðstöddum eftirlitsmanni skv. lið 10.1. Útdrátturinn er tekinn upp á myndbandsspólu og honum síðan bætt aftan við útdrátt í Víkingalottói þegar hann berst um gervihnött. Víkingalottó- og Jókertölurnar eru síðan birtar samdægurs í ljósvakamiðlum.

## 6. gr.

5. gr. liður 5.5.1 orðist svo:
- 5.5.1 **Lottó 5/38:**
- a) 56% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar. Með vísan til 5. gr., lokamálsliðar 5.6, er heimilt, ef 56% af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 3 milljónum króna, bæta við fyrsta vinningsflokk fjárhæð, sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 3 milljónir króna. Viðbót þessi skal hlaupa á 50.000 krónum.
- b) 5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu. Með vísan til liðar 5.6., 3. mgr., er heimilt, ef 5 % af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 300.000 krónum, að bæta við þennan vinningsflokk fjárhæð sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 300.000 krónur. Viðbót þessi skal hlaupa á 10.000 krónum.
- c) 8 % skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
- d) 19 % skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.
- e) 12 % skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu

## 7. gr.

5. gr. liður 5.5.3, sbr. reglugerð nr. 126 6. febrúar 2001, orðist svo:
- 5.5.3 **Víkingalottó:**
- a) Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum sbr. 2. gr. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,035 Evrur af andvirði hvers selds leiks til þessa vinnings. Verðmæti hans í íslenskum krónum ákvarðast af kaupgengi Evru á útdráttardegi og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar 6 tölurnar réttar.
- b) Til annarra vinninga renna 40% af heildarsölu hvernar leikviku hér á landi að frá-dreginni greiðslu Íslenskrar getspár til fyrsta vinnings sbr. a) lið og skiptast í vinningsflokka í eftirgreindum hlutföllum:

1. 40% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveimur bónustölum.
2. 18% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar.
3. 31% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
4. 11% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveimur bónustölum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. júní 2001.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 535

22. júní 2001

## REGLUGERÐ

um köfun.

I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Ákvæði reglugerðar þessarar og viðauka hennar gilda um allar athafnir sem gerðar eru við köfun í atvinnuskyni, sem fram fara í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land.

2. gr.

*Skilgreiningar.*

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari, hafa þau merkingu þá sem hér segir:

*Afþrýstibið:* Sá tími sem kafari þarf að bíða á leiðinni upp á yfirborð til að losa sig við uppsafnaðar lofttegundir úr vefjum líkamans. Þessi tími er fundinn í viðeigandi töflum eftir botntíma og dýpi köfunarinnar.

*Atvinnuköfun:* Allar þær athafnir sem falla undir og eru liður í atvinnustarfsemi kafara eða annarra aðila. Einnig telst það vera atvinnuköfun ef athöfnin er liður í skipulagðri þjónustustarfsemi til verndar almannahagsmunum.

*Áhugaköfun:* Allar þær athafnir sem teljast til köfunar en falla ekki undir atvinnuköfun.

*Botntími:* Sá tími sem liður frá því er kafari fer undir yfirborð þar til hann hefur uppstigningu.

*Kafari:* Sá sem er réttmætur handhafi atvinnuskírteinis kafara.

*Köfun:* Allar athafnir manna sem fara fram undir yfirborði vatns eða sjávar þar sem líkaminn er undir meiri þrýstingi en sem nemur 50 hektópaskölum (50 mbar) yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar og notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði.

*Köfunarbók:* Dagbók kafara.

*Köfunarbúnaður:* Allur búnaður sem notaður er við köfun.

*Köfunarformaður:* Sá sem hefur með höndum verkstjórn við köfun og ber skyldur sem slíkur.